

Foreldrafélag Heiðarskóla Mættir:

Arnar Stefánsson, Inga Brynja Magnúsdóttir, Sigrún Gróa Magnúsdóttir, Svanur Guðmundur Árnason og Elsa Þóra Eggertsdóttir

Fundur nr. 1 skólaárið 2022-2023 Heiðarskóli 21. september 2022 kl. 19:30.

Fundargerð Arnar Stefánsson

Dagskrá:

1. Verkaskipting stjórnar Nýir fulltrúar í skólaráði verða Svanur Guðmundur Árnason og Sigrún Gróa Magnúsdóttir í stað Arnars Stefánssonar og Ingu Brynju Magnúsdóttur
2. Skólaráð nýir fulltrúar
3. Fundartími FFHS
4. Staða fjármála
5. Innheimta skólagjalda
6. Gjafir / styrkir
7. Verkefni vetrarins
8. Önnur mál

1. Verkaskipting stjórnarmanna

Stjórn Foreldrafélags Heiðarskóla skólaárið 2022-2023 eru:

Arnar Stefánsson – formaður

Inga Brynja Magnúsdóttir - Gjaldkeri

Sigrún Gróa Magnúsdóttir – Ritari

Svanur Guðmundur Árnason – Meðstjórnandi

Elsa Þóra Eggertsdóttir – Meðstjórnandi

2. Skólaráð:

Nýir fulltrúar eru þau Elsa Þóra og Svanur Guðmundur

3. Fundartími FFHS :

Samþykktur áfram kl. 19:30 fyrsta mánudag hvers mánaðar.

4. Staða fjármála:

Farið yfir stöðu fjármála og verkefni vetrarins rædd

5. Innheimta skólagjalda:

Ákveðið að vera aðeins fyrr á ferðinni með að senda út seðla eða í byrjun október, óbreytt gjald.

6. Gjafir og styrkir:

Gjafir og styrkir verða yfirfarin og samþykkt á fundum Foreldrafélagsins hverju sinni eins og verið hefur síðustu skólaár. Rædd voru og ákveðin boltakaup handa öllum bekkjum eða í samráði við skólastjórnendur. Einnig samþykkt að styrkja fyrirlestur eða fræðsluerindi gegn kynþáttafordómum sem er hugsað fyrir miðstignemendur.

7. Verkefni vetrarins:

Verkefni næsta skólaárs verða sambærileg og fyrri ár en helstu verkefni eru eftirfarandi: Jólafondur hefur að vísu ekki verið undanfarin 2 ár og rætt var að taka inn piparköku skreytingar í stað þess. Einnig var rætt að koma á spilakvöldum í samvinnu með spilavinum og skólastjórnendum. Kvöldverður / árshátíð (mars – apríl) Heiðarleikar / sumarhátíð (lok maí) Aðalfundur (seinni hluta maí) Gjafir og styrkir (yfirfarið á mánaðarlegum fundum yfir skólaárið)

8. Önnur mál:

Umræður um hvernig hægt væri að virkja betur foreldra í störfum í þágu nemenda í skólanum. Ákveðið var að ræða frekari styrki á næsta fundi þar sem skólastjórnendum verður boðið á þann fund.